

Frið - Friðsamlega

Er Ísland á réttri leið í öryggismálum þjóðarinnar?



Misserishópur N
HHS

Dóra Eyland Garðarsdóttir
Guðmundur Ágúst Sæmundsson
Hafrún Anna Sigurbjörnsdóttir
Ingveldur Björg Jónsdóttir
Júlíus Arnarson
Þór Gíslason



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting um misserisverkefni

Í lok hvers misseris vinna nemendur Háskólans á Bifröst umfangsmikið verkefni, misserisverkefni, í tengslum við aðila í atvinnulífinu, til að hagnýta þá þekkingu og þjálfun sem þeir hafa öðlast í námi sínu. Misserisverkefni er sjálfstætt hópverkefni og ákveður hver nemendahópur viðfangsefni sitt. Misserisverkefni er unnið samkvæmt ákveðnum leiðbeiningum og reglum og því er ætlað að standast kröfur Háskólans.

Háskólinn á Bifröst þakkar öllum þeim sem greiða götu nemenda við undirbúning og vinnslu verkefna og vonar að hvert verkefni sé skerfur til úrbóta og framþróunar fyrir alla þá sem málið varðar hverju sinni.

Verkefni þetta er unnið á haustmisseri 2006 af misserishópi N.

Kennarar við Háskólann á Bifröst hafa fjallað um lokaverkefnið og metið það samkvæmt reglum deildanna.

Titill verkefnis:

Er Ísland á réttri leið í öryggismálum þjóðarinnar?

Háskólanum á Bifröst, 11. desember 2006

Einkunn: _____

Aðstoðarrektor

Háskólinn á Bifröst

Misserisverkefni

Haust 2006

Er Ísland á réttri leið í öryggismálum þjóðarinnar?

Misserishópur N

Dóra Eyland Garðarsdóttir

Guðmundur Ágúst Sæmundsson

Hafrún Anna Sigurbjörnsdóttir

Ingveldur Björg Jónsdóttir

Júlíus Arnarson

Þór Gíslason

Ágrip

Í þessu misserisverkefni er að finna hugleiðingar um varnir Íslands og stöðu í alþjóðasamfélaginu nú þegar Bandaríski herinn hefur lokað herstöð sinni og yfirgefið landið. Skýrsluhöfundar kynntu sér þær ógnir sem gætu stafað að landinu og þörf þess fyrir vörnum. Þá voru varnar og hernaðarmál í heiminum könnuð með tilliti til efnahagslegra- og réttlætissjónarmiða. Varnarsamningar í fortíð og nútíð voru skoðaðir ásamt störfum Íslendinga í þróunarstarfi á alþjóðavettvangi.

Rannsóknarvinnan fólst í lestri opinberra skýrslna og fræðigreina ásamt því að mikið efni var skoðað á veraldarvefnum.

Við settum fram og rökstuddum að rétt leið í varnarmálum væri aukin framlög Íslendinga og annarra þjóða til rannsókna og vísindastarfs í þróunarmálum. Hugmyndin er að aukinn jöfnuður meðal þjóða heimsins stuðli að friði og þar með auknu öryggi allra til lengri tíma lítið. Þessa leið bárum við saman við stefnu Íslenskra stjórnvalda í varnarmálum og þróunarmálum og leituðumst við með úrvinnslu gagna að svara rannsóknarspurningunni „Er Ísland á réttri leið í öryggismálum þjóðarinnar?“.

Niðurstöður okkar voru þær að ýmis góð merki væri að finna í stefnu stjórnvalda en tækifæri séu til að gera mun betur.

Yfirlýsing

Við undirrituð höfum unnið misserisverkefni þetta í samvinnu og er framlag hvers og eins jafnmikið. Verkefni þetta er að öllu leyti okkar eigið verk og skilmerkilega er vísað til heimilda þar sem vitnað er til verka annarra. Í því efni höfum við fylgt reglum skólans eftir bestu getu.

Háskólanum á Bifröst, 11. desember 2006

Dóra Eyland Garðarsdóttir

Guðmundur Ágúst Sæmundsson

Hafrún Anna Sigurbjörnsdóttir

Ingveldur Björg Jónsdóttir

Júlíus Arnarson

Þór Gíslason

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	HERINN FARINN	2
2.1	UTANÁÐKOMANDI ÓGNIR SEM STEDJA AÐ ÍSLANDI	2
2.2	ÓGNIR OG ÖRYGGI Í STÆRRA SAMHENGI	3
2.2.1	Áhrif hervæðingar á hag ríkja.....	7
2.2.2	Tæknilegar framfarir	9
2.2.3	Fólksfjölgun og þróunarhjálp	11
2.3	FRÍÐARSTEFNA.....	13
2.3.1	Tækifæri Íslands.....	15
3	STEFNA ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA	17
3.1	VARNARMÁL	17
3.2	AFVOPNUNAR- OG FRÍÐARMÁL	18
3.3	ÞRÓUNARÁÐSTOÐ OG ALÞJÓÐASAMSKIPTI	20
4	ER ÍSLAND Á RÉTTRI LEIÐ Í ÖRYGGISMÁLUM ÞJÓÐARINNAR?	20
5	NIDURSTÖÐUR	22
6	LOKAORÐ	23
	HEIMILDASKRÁ	24

„Imagine all the people
Living life in peace“

– John Lennon



1 Inngangur

Þann 30. september 2006, eða 66 árum eftir að Ísland var hernumið af Bretum í seinni heimstyrjöldinni, varð landið aftur herlaust. Í fjölmiðlum og sölum Alþingis hefur talsvert verið fjallað um málið og sitt sýnist hverjum um varnir og hvert öryggi landsins er á tímum nútímatækni í hernaði og alþjóðlegrar glæpa- og hryðjuverkastarfsemi. Mikið hefur farið fyrir umræðu um nýjan varnarsamning okkar við Bandaríkjamenn, sem tekur til landvarna á hættutímum. Einnig hefur umfjöllun um hugsanlega eftirlitssamninga við Norðmenn, Dani og Kanadamenn verið talsverð á undanförunum vikum. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO), hvað í henni felst og hugsanleg þátttaka í kostnaði við að halda úti vörnum fyrir landið og lögsögu þess hefur einnig skotið upp kollinum.

Í aðdraganda þessa misserisverkefnis höfum við velt upp spurningum eins og hverju þarf að verjast, í hverju felast varnir, hvað kosta þær og hversu líklegar eru þær til þess að skapa aukið öryggi, nú og til framtíðar?

Í verkefninu skoðum við þann hluta íslenskra öryggis- og varnarmála sem snúa að utanaðkomandi ógnum og heyra undir Utanríkisráðuneytið. Við einbeitum okkur sérstaklega að hervörnum landsins í ljósi brotthvarfs varnarliðsins nú í haust. Þessi atriði berum við saman við öryggi fólks í alþjóðlegu samhengi og spyrjum okkur hvort öryggi Íslendinga sé ábótavant í ljósi núverandi aðstæðna. Niðurstöðurnar notum við síðan til að meta hvort sú stefna sem lesa má út úr opinberum skjölum, auk fréttu undanfarinna mánaða, sé að okkar mati rétt. Matið byggjum við aðallega á samanburði við tillögu sem sett er fram og rökstudd í verkefninu og lýtur að því hvernig vænlegt er að auka öryggi og velferð fólks á heimsvísu, en í rökstuðningi kemur einmitt fram að það tvennt teljum við haldast í hendur.

Hugmyndir okkar um hvernig stjórnvöld ættu að snúa sér í öryggismálum þjóðarinnar er kveikjan að rannsóknarspurningunni „Er Ísland á réttri leið í öryggismálum þjóðarinnar?“ Heimildir sem höfundar notuðust við, við lausn verkefnisins, voru opinberar skýrslur, greinar og fræðibækur auk ýmissa heimilda af veraldarvefnum. Ekki var lögð áhersla á viðtöl og munnlegar heimildir því mjög mikið hefur verið ritað um þetta efni í bókum, greinum og skýrslum undanfarin ár.



2 Herinn farinn

Eftir lok kalda stríðsins hafa aðstæður í nánasta umhverfi okkar breyst. En þó svo að mikilvægi Íslands í hernaðarlegum skilningi sé breytt, þá er staða landsins í efnahagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi mun tengdari hringiðu heimsviðburða en var um miðbik síðustu aldar.

Vegna sögu okkar og smæðar þjóðarinnar höfum við ekki séð hag okkar í því að halda úti íslenskum her, heldur höfum við talið öryggi okkar best borgið með varnarsamningum við önnur ríki. Ef farið er yfir sögu landsins þá höfum við ekkert þurft að glíma við beina ógn hryðjuverka eða skipulagðar árásir á landið. Lítið er hægt að fullyrða um afdrif Íslands ef landið hefði ekki notið þeirra varna sem Bandaríkin og NATO hafa veitt okkur. En ljóst er að fælingarmáttur þeirra varna hefur haft einhver áhrif á stöðu okkar á hættutímum, sérstaklega á tímum kalda stríðsins þegar talsverð kaþbáta- og herskipaumferð var um höfin í kringum Ísland.

Það er því eðlilegt að ráðamenn landsins velti því fyrir sér hvernig skuli bregðast við nú þegar allur her er horfinn af landinu. Nokkur ágreiningur er um það hvernig standa skuli vörð um öryggi landsins og hvort yfir höfuð nokkur ógn steðji að Íslandi.

2.1 Utanaðkomandi ógnir sem steðja að Íslandi

Umræða um öryggi og ógnir í heiminum hefur verið ofarlega á baugi síðustu ár, sérstaklega eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 2001 og hefur Ísland ekki farið varhluta af þeirri umræðu. Íslendingar hafa þó ekki þurft að hafa miklar áhyggjur af innrás annarra ríkja inn fyrir landamæri Íslands eftir kalda stríðið og trúarleg stríð eru í okkar huga fjarlæg.

Eitt af hlutverkum stjórnvalda er að tryggja öryggi borgara og verður Ísland að teljast eitt öruggasta landið í veröldinni. Þetta vita landsmenn og kemur það vel í ljós í alþjóðlegri könnun sem framkvæmd er árlega á vegum Gallup International, Rödd fólksins (e.Voice of the people). Könnunin var gerð í 63 löndum víða um heim til að kanna viðhorf fólks til ýmissa málefna og meðal annars þess hversu mikla ógn þau telja vera af hryðjuverkum. Í niðurstöðum kemur fram að um þrír af hverjum fjórum (76%) telja að hryðjuverk séu ógn



við land þeirra. Á Íslandi töldu aðeins 25% svarenda að hryðjuverk ógni landinu. Sé það borið saman við Bandaríkin þá töldu 93% íbúa þar að hryðjuverk ógnuðu landi þeirra.¹

Samkvæmt Matsskýrslu um hryðjuverkaógnir á Íslandi kemur fram að engin hryðjuverk hafi átt sér stað hér á landi og að stjórnvöld líti ekki á landið sem aðalskotmark hryðjuverkamanna. Höfundar umræddrar skýrslu telja hins vegar að lífshættir Íslendinga, menning og tengsl við varnarkerfi Vesturlanda, geri það að verkum að meta megi ógnina svipaða og hjá flestum aðildarríkjum Evrópusambandsins.²

Við munum þó halda okkur við þær ógnir sem að okkur stafar frá öðrum og þá fyrst og fremst því sem getur fallið undir hernaðaráttök af þeirri stærðargráðu að teljast innrásarstríð. Barátta við alþjóðlega glæpastarfsemi, þar með talin hryðjuverkaógn, teljum við fyrst og fremst snúa að öryggisgæslu innanlands og í forsjá lögregluyfivalda.

2.2 Ógnir og öryggi í stærra samhengi


Það er fleira sem ógnar öryggi manna. Víða í heiminum veldur fátækt verulegu óöryggi vegna hungurs, skorts á heilbrigðisþjónustu og stjórnarháttá sem einkennast af óstöðugleika og spillingu. Samkvæmt nýútgefnum tölum WIDER³ stofnunarinnar hjá Háskóla Sameinuðu Þjóðanna (SP) skiptast 40% auðs á jörðinni milli 1% fullorðinna jarðarbúa og ríkustu 10 prósentin skipta með sér 85% auðsins. Til samanburðar þá skiptir fátækari helmingur fullorðinna jarðarbúa með sér 1% auðsins.⁴ Á mynd 1 eru lönd heimsins flokkuð í fjóra flokka eftir meðalauð fullorðinna íbúa þeirra. Á henni sést að Ísland flokkast meðal þeirra ríkustu ásamt öllum sínum nágrannaríkjum nema hugsanlega Grænlandi þar sem ekki eru gögn um það.

¹ Gallup International. (2006).

² Dóms og kirkjumálaráðuneytið. (2006).

³ World Institute for Development Economics Research.

⁴ Global Policy Forum. (2006, 05. desember).



Mynd 1 Meðalauður íbúa í heiminum árið 2000, skipt eftir löndum.

Fyrir utan þær skaðlegu félagslegu afleiðingar sem þessi skipting hefur í för með sér - hungurdauða, vinnuþrælkun, óstöðugleika, skort á menntun o.fl. - þá er þetta mjög gagnrýniverð staða út frá réttlætissjónarmiðum. Robert Nozick er dæmi um áhrifamikinn heimspeking á sviði réttlætismála sem lítur svo á að misskipting sé í sjálfu sér ekki óréttlát, þ.e.a.s. ef hún hefur myndast á réttlátan hátt; með réttlátum viðskiptum manna á milli. Slík er auðvitað ekki raunin og hefur græðgi og virðingarleysi átt stóran þátt í því hvernig Vesturlönd hafa sölsað til sín auði fátækari ríkja, til að mynda á nýlendutímanum. Telja má nokkuð víst að Nozick sæi þessa stöðu sem óviðunandi og ennfremur að hana bæri að laga.⁵ Heimspekingurinn Thomas Pogge, sem mikið hefur skrifað um réttlæti á alheimsvísu, segir m.a. í rökstuðningi sínum fyrir því að okkur beri að jafna misskiptinguna og tækifærin í heiminum:

Félagsleg byrjunarstaða hinna verst settu og hinna best settu varð til vegna sögulegrar framvindu sem er lituð af gríðarlegum rangindum þar sem allar siðferðislegar og lagalegar reglur voru margbrotnar með t.d. hersigrum og landnámi, gríðarlegri kúgun, þrælkun og þjóðarmorðum.⁶

Hann segir einnig:

⁵ Kymlicka, Will. (2002). Bls 103-104.

⁶ Haubrich. D. (2004). Bls. 52.



Ekki er hægt að rekja þennan ójöfnuð eingöngu til ófélagslegra þátta eins og t.d. erfðafræðilegrar fötlunar eða náttúruhamfara. Ef að þeir sem eru fátækir í heiminum hefðu fæðst við aðrar félagslegar aðstæður hefðu þeir verið alveg jafn líklegir til að lifa hamingjusömu, heilbrigðu og afkastamiklu lífi og við hin.⁷

Þessa afstöðu má rekja beint til læriföður hans, heimspekingsins John Rawls. Rawls hafði mikil áhrif á rökræður um réttlæti á seinni hluta 20. aldar. Ætla má að honum hefði þótt ástandið óviðunandi vegna þeirra átta meginreglna sem hann telur almennt gilda milli frjálsra og lýðræðislegra ríkja. En þær kveða m.a. á um að ríkjum beri að virða og skipta sér ekki af málefnum annarra ríkja. Ríki hafa ekki rétt til að heyja stríð nema í sjálfsvörn og að ríki eigi að aðstoða önnur ríki sem búa við slæmar aðstæður sem hindra þau í að búa í réttlátu ríki.⁸

Thomas Pogge horfir á réttlæti út frá svokallaðri alheimshyggju. Alheimshyggja er stefna sem lítur á allar manneskjur sem einstaklinga í sama samfélagi; samfélagi manna. Samkvæmt henni ber mönnum að líta á alla menn sem jafningja sína. Samlandar okkar eru ekki mikilvægari en íbúar annarra ríkja. Þar sem við höfum ákveðnar skyldur gagnvart náunganum gilda þær skyldur jafnt gagnvart öllum öðrum manneskjum. Af þessu leiðir einnig að ef fólk í fjarlægum löndum þarf á hjálp að halda, þá á það að fá sömu aðstoð og ef um samlanda væri að ræða.⁹ Þetta er að okkar mati hárétt nálgun en taka verður tillit til þess að vegna staðsetningar þá er oftast hægara um vik að hjálpa samlöndum sínum og því einfaldlega hagkvæmt og eðlilegt að hjálpin berist um sem stystan veg. Þegar auðsöfnunin er hins vegar svona gríðarlega mikil og svæðisbundin í okkar heimshluta þá verðum við að horfa lengra og finna leiðir til að koma þeim verst settu til hjálpar eftir fremsta megni.

Á eingöngu að jafna þessa misskiptingu auðs og tækifæra vegna heimspekilegra réttlætissjónarmiða? Nei, fleira kemur til. Í því samhengi sem við fjöllum hér um snýst þetta ekki síður um öryggi en raunin er að þetta tvennt hangir saman. Í skýrslu SP sem Kofi A. Annan lét taka saman um hættur, viðfangsefni og breytingar í heiminum segir svo um forsendur þess að standa að forvörnum í friðar og öryggis málum:

Í þeim tilgangi að lýsa hvernig standa skal að forvörnum, byrjum við á að fjalla um þróunarstarf vegna þess að það er ómissandi grunnur að sameiginlegu öryggiskerfi sem

⁷ Haubrich, D. (2004). Bls. 52.

⁸ Rawls, J. (1999). Bls. 73.

⁹ Kleingeld, Pauline. Brown, Eric. (2006).



tekur forvarnir alvarlega. Þróunarstarf þjónar margvíslegum tilgangi. Það vinnur á fátækt, smitsjúkdómum og hnignun umhverfis sem eru orsakir dauða milljóna einstaklinga og er ógn við öryggi manna. Þróunarstarf er ríkjum nauðsynlegt afl til þess að sporna við minnkandi getu þeirra til að fást við nánast allar ógnir. Það er einnig hluti af langtíma áætlun til forvarna gagnvart borgarastyrjöldum og í þeim tilgangi að fást við aðstæður þar sem hryðjuverk og skipulögð glæpastarfsemi blómstra.¹⁰

Í ljósi þessa má velta fyrir sér hvort ekki megi leggja meiri áherslu á að byggja upp fátækari ríki í baráttunni gegn stríði og óöryggi í stað þess að vígbúast eins og er algeng hugsun nú til dags. Í þessu samhengi má bera saman að útgjöld til hermála í heiminum nema 2,5% af heimsframleiðslu¹¹ og eru í krónum talin 77.108 milljarðar króna árið 2005¹² meðan þjóðir heims settu sér það markmið á vettvangi SP árið 2000 að framlög ríkari landanna til þróunarmála mundu ná því marki að vera 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF) árið 2015.¹³ Flest lönd eru enn nokkuð undir því markmiði þó svo að örfá þeirra hafi reyndar nú þegar farið upp fyrir það, til að mynda Noregur, Svíþjóð og Danmörk.

Þegar horft er á öryggi fólks útfrá alheimshyggju hljótum við að velta fyrir okkur hverra öryggi er verið að tryggja. Í þróunarlöndunum deyja árlega 14 milljónir manna úr hungri, sem jafngildir tæplega allri íslensku þjóðinni í hverri einustu viku, 800 milljónir manna þjást af næringarskort og 30 þúsund börn deyja á hverjum einasta degi vegna sjúkdóma sem eru læknanlegir.¹⁴ Það skýtur svolítið skökku við að ríkari þjóðir heimsins skuli við þessar aðstæður verja töluvert meira fé í rannsóknir, þróun, viðhald og rekstur hervarna, sem aðallega virðast miða að því að halda í við og verjast hverju öðru, heldur en til starfsemi sem miðar að því að bæta kjör þessara meðbræðra okkar. Væri ekki nær að ríki heims færu í sameiningu á markvissan hátt að beina útgjöldum ríkjanna frá ofurvörnum tilhanda tiltölulega öruggum borgurum sinna eigin landa til starfsemi sem eykur öryggi þeirra sem sannarlega búa við öryggisleysi og hafa raunverulega ástæðu til þess að óttast um hvort þau og fjölskyldur þeirra lifi næsta dag?

¹⁰ United Nations. (2004). Bls. 3.

¹¹ World GDP.


¹² SIPRI Yearbook 2006. (2006) bls 295. Krónutalan er reiknuð út frá tölunni \$1.118 milljörðum og miðað er við miðgegni dollars gagnvart krónu þann 8. des. 2006.

¹³ Valgerður Sverrisdóttir. (2006). Bls.20.

¹⁴ Utanríkisráðuneytið. (2005). Bls. 10.



Öryggi og herútgjöld



Mynd 2 Skýringarmynd sem sýnir tengsl milli öryggis og fjármuna sem varið er til vopnakaupa.

Robert McNamara, fyrrum varnarmálaráðherra Bandaríkjanna setti upp skýringarmynd sem sýnir tengsl milli öryggis og vopnaútgjalda. Bandaríkin höfðu samkvæmt því, strax árið 1977, náð þeirri stöðu að aukning fjármuna til hernaðarmála hefur litlar sem engar breytingar í för með sér hvað varðar öryggi borgaranna. Hann hélt því svo einmitt fram að mun vænlegri aðferð til að auka öryggi væri að auka framlög til þróunarmála.¹⁵

2.2.1 Áhrif hervæðingar á hag ríkja.

Seinni heimstyrjöldin kallaði á mikinn vígbúnað. Í kveðjuræðu sinni, sem forseti Bandaríkjanna, sagði Dwight D. Eisenhower að þar til í seinni heimstyrjöldin hafi ekki verið til neinn hergagnaiðnaður sem slíkur. Málum væri hinsvegar þannig háttað árið 1961 að ný tegund iðnaðar, sem tók til sín meira fé en allur iðnaður Bandaríkjanna samanlagt, væri kominn til að vera. Þetta kallar Eisenhower „Hergagnaiðnaðarsamsteypuna“ (e. Military-Industrial Complex).¹⁶

Í rannsókn frá 1997 á því hvaða áhrif útgjöld ríkis til hernaðarmála hafa á hagvöxt þess, komst Harold J. Brumm að þeirri niðurstöðu að meðalútgjöld til hernaðarmála sem hlutfall af vergri landsframléiðslu (VLF) hafi jákvæð tengsl við hagvöxt.¹⁷

Á svipuðum nótum komust Edward L. Kick og fleiri að þeirri niðurstöðu að áhrif vígvæðingar á efnahag séu mismunandi eftir pólitísku ástandi þjóða. Þau séu jákvæð í

¹⁵ Jolly, Richard. (2004). Bls. 35.

¹⁶ Eisenhower, Dwight. D. (1961).

¹⁷ Brumm, Harold J. (1997). Bls. 836.



lýðræðisríkjum en neikvæð í ríkjum undir herstjórn. Samræmi virðist vera með því að hervæðingu í þróunarlöndum fylgi þó nokkur uppbygging fyrir herinn sem aftur nýtist í almannapágu. Þau taka hinsvegar fram að fleira þurfi að skoða í samfélögum en áhrif á VLF því það sé ekki algildur mælikvarði á velsæld þjóða.¹⁸

Þessar og fleiri rannsóknir sem mæla áhrif víg væðingar á VLF virðast flestar geta sýnt fram á jákvæð tengsl milli útgjalda til vígbúnaðar og hagvaxtar. Niðurstöðurnar geta þó að okkar mati ekki annað en sýnt fram á að fjárfesting að einhverju tagi skili árangri. Hugmynd okkar gengur hins vegar út á það að þessa fjármuni megi, í formi þróunarhjálp, allt eins nota til þess að byggja upp innviði landa án þess að vera tengt hernaði. Það eru að okkar mati til réttlátari og gifturíkari aðferðir til fjárfestingar í uppbyggingu landa en vígvæðing. Mikilvægt er að ríki heims fari að stýra fjármagni úr hergagnidnaði yfir í aðra starfsemi, annars konar rannsóknir, sem nýtast betur til að auka öryggi og lífsgæði allra í heiminum. Miðað við orð McNamara má líta á töluverðan hluta hernaðarútgjalda sem sjóð til að sækja í á þann hátt að störf hverfa á hernaðarsviðinu en myndast á mannúðarsviðinu, án þess að hafa áhrif á öryggi eða efnahag ríkjanna.

Hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Lawrence R. Klein segir að ástandið friður og velmegun gangi algerlega saman.¹⁹ Klein fjallar ítarlega um afleiðingar vígbúnaðarkapphlaups kalda stríðsins á hagkerfi og efnahag stórveldanna. Það hafi ekki verið fyrir en eftir fyrra Persaflóastríðið að efnahagur Bandaríkjanna tók að vænkast með miklum niðurskurði til varnarmála. Þessu til viðbótar ræðir Klein það sem hann kallar ágóða friðar (e. Peace Dividend) sem leiði til aukinna lífsgæða fyrir borgara þegar þættir eins og heilsugæsla, skólar, samskiptaleiðir og samgöngumál fá aukið vægi í fjárútlátum ríkja á friðartímum. Mælikvarði VLF er að mati Kleins ekki nákvæmur mælikvarði á stöðu þjóða. Hann nefnir til mælikvarða SP sem kallast „Human Development Ranking“ og tiltekur þætti utan VLF sem teljast vísbendingar um það sem kalla má lífsgæði, t.d. stærð þjóðar og lífslíkur hennar, læsi, tíðni barnadauða, hreinlæti, heilsugæsla og skólar, svo fátt eitt sé nefnt.²⁰

Aukin lífsgæði telur Klein að séu afleiðing friðarágóðans og sé lykilþáttur í að dempa félagslegan óróleika sem sé meðal annars gróðrarstía fyrir verðandi hryðjuverkamenn.

¹⁸ Kick, Davis, Kiefer, Burns. (1998). Bls. 364-365.

¹⁹ Klein, Lawrence R. (2004). Bls. 1.

²⁰ Klein, Lawrence R. (2004). Bls. 7.



Í skýrslu Palme nefndarinnar²¹ svokölluðu sem, lögð var fyrir sérþing SP um afvopnunarmál árið 1982, er farið ítarlega í hvernig útgjöld til hermála minnka hagvöxt, draga úr nýtingu auðlinda til borgaralegra verkefna og á tímum hátækni hernaðar hafi það ekki áhrif til atvinnusköpunar fyrir þá sem eru atvinnulausir heldur skapist umfram eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki og vísindamönnum.²² Afleiðingarnar geti verið mjög alvarlegar fyrir þróunarlönd og leitt til en frekari félagslegs óróleika en ella hefði orðið. Þróunarlöndin standa fæst í vopnaframleiðslu og eru sökum þess háð öðrum um vopnvæðingu sína. Vegna slaks efnahagsástands þurfa þau því oft að taka lán fyrir þessum viðskiptum. Það fjármagn fer ekki í uppbyggingu innviða landsins eða iðnaðar og eykur því ekki getu lands til þess auka tekjur sínar eða greiða lánin til baka.²³ Svo segir að lönd geti ekki náð öryggi, hernaðarlega eða hagfræðilega, á kostnað hvers annar heldur aðeins með samstarfi.

Lönd eru innbyrðis háð efnahagslega og tengd hvert öðru af ógnun eyðileggingar. Öll lönd skaðast ef hernaðarútgjöld minnka efnahagslegt heilbrigði öflugustu þátttakendanna á heimsmarkaðinum. Öll sköðumst við ef kröfur hernaðar til ríkisútgjalda takmarka aðstoð eða markaðslán til þróunarlanda. Efnahagsbati þarfnast sameiginlegrar viðleitni í að efla viðskipti. Án efnahagsbata er engin von um almennt öryggi – fyrir almenna hagsæld sem er grunnur að sjálfu örygginu.²⁴

2.2.2 Tæknilegar framfarir

Árlega er háum fjárhæðum varið til rannsókna og þróunar vígbúnaðar sem fjármagnaðar eru með opinberu fé. Gögn SIPRI stofnunarinnar (Stockholms International Peace Research Institute) frá árunum 1981 til 1998 sýna að mjög mismunandi er eftir löndum hversu hátt hlutfall heildarútgjalda til varnarmála fer í þróun og rannsóknir. Bandaríkin eru með hæst hlutfall, 15%, eða um 40 milljarðar dollara árið 1998. Þessi fjárhæð var á því ári 54% alls opinbers fjármagns til rannsókna og þróunar. Aðrar þjóðir sem ofarlega eru á lista yfir vopnaframleiðsluþjóðir eru hinsvegar ekki hálfdrættingar á við Bandaríkin. Þau hæstu, Bretland og Frakkland eru með, hvort um sig, aðeins um einn tífunda af þeirri upphæð sem Bandaríkin setja til rannsókna á þessu sviði.²⁵

²¹ Palme nefndin samanstóð af háttsettum embættismönnum og hlutverk þeirra var að finna leið til friðar í heiminum. Þetta var fólk sem ekki hafði komið að slíkum málum áður og vonast var eftir nýjum hugmyndum í friðarmálum

²² Palme, Olaf. ofl. (1982). Bls. 95-96.

²³ Palme, Olaf. ofl. (1982). Bls. 90.

²⁴ Palme, Olaf. ofl. (1982). Bls. 96.

²⁵ First. (2006).



Þessi miklu fjárútlát kosta að einhverju leiti fórnir borgarlegra vísinda og þróunarverkefna. Þar sem vísindastarfsemi í hernaði er að miklu leiti leynileg verður minna um hliðarafurðir (e.spin-off) en ef þessar rannsóknir væru á borgaralegu sviði. Til lengri tíma litið getur vísindastarf í hernaði leitt af sér fjölgun í röðum vísinda- og verkfræðimenntaðra en á móti kemur að fjölgun á forsendum hergagnaiðnaðar dregur úr fjölbreytni í vísindaheiminum.²⁶

Ekki er tryggt að þessi þróun skili sér í verulega bættu öryggi til handa óbreyttum borgurum. Þrátt fyrir að stórfé hafi verið lagt í rannsóknir til að bæta búnað af þessu tagi og að nákvæmni hafi aukist, þá eru mannleg mistök mjög oft orsök skelfilegra mannskaða á átakasvæðum

Rannsóknir til vopnaþróunar hafa náð því markmiði að skapa fjölbreyttari og kraftmeiri tegundir vopna. Árið 1996 sáu SP ástæðu til þess að vara við notkun ákveðinna vopna. Kjarnorkusprengrur, efnavopn, klasasprengrur, napalmsprengrur, sýklavopn og sprengrur úr rýrðu úrani eru þar efst á lista. Notkun á slíkum vopnum þykir ekki samræmast alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarlögum. Ástæður þess voru ekki einungis þær staðbundnu afleiðingar sem sprengrurnar höfðu í för mér sér á meðan á átökum stóð, heldur einnig seinni tíma afleiðingar er varða heilsufar og umhverfisáhrif.²⁷

Sú þróun sem orðið hefur í vopnabúnaði gefur til kynna hve miklum árangri væri hægt að ná ef sjónum væri beint í auknum mæli í rannsóknir sem nýtast við uppbyggingu þróunaraðstoðar. Þessi breyting ætti að vera sérstaklega eftirsóknarverð þar sem rannsóknir á þessum sviðum ættu að skila sér í meira öryggi heima fyrir og annars staðar í heiminum eins og áður hefur verið rætt.

Gott dæmi um hvernig hugvit getur skilað góðum árangri í að bæta lífskjör í þróunarlöndunum er smálánabankinn sem hagfræðingurinn Muhammad Yunus setti á stofn og hlaut fyrir það Friðarverðlaun Nóbels 2006. Hugmyndin var einföld og byggði á því að veita smálán til þeirra fátækustu af þeim fátæku og með henni hefur milljónum manna verið hjálpað úr fátækt. Vænta má að rannsóknir geti skilað viðlíka hugmyndum sem byggja á nýrri sýn á vandamálin. Við afhendingu verðlaunanna sagði hann að þau væru „... mikill stuðningur og undirstriki tengslin sem séu milli friðar og mikilvægi þess

²⁶ Palme, Olaf. ofl. (1982). Bls. 85-86.

²⁷ Global Issue. (2001a, 14. júlí).



að draga úr fátækt í heiminum.“²⁸ Auk þess hvati hann leiðtoga heims til þess að „...vinna gegn fátækt og hætta að sóa peningum í styrjaldir eins og Íraksstríðið.”²⁹

2.2.3 Fólksfjölgun og þróunarhjálp


Því hefur verið haldið fram að þróunarhjálp sé í raun tilgangslaus því jörðin ráði ekki við að fæða allan þann fjölda fólks sem væri á lífi ef hungursneyðir og sjúkdómar sæju ekki um að halda fjölda mannkyns í skefjum. Ef allir í heiminum fengju þá næringu sem þeir þarfnast til að halda lífi þá verði innan skamms gríðarleg offjölgun í heiminum og auðlindir jarðarinnar verði fljótt uppnar.³⁰ Á Íslandi er það þó staðreynd að fjölskyldustærð síðustu tveggja til þriggja kynslóða hefur breyst frá því að vera stórar og barnmargar fjölskyldur, í litlar fjölskyldur þar sem fleiri börn en þrjú er fátítt. Hér á öldum áður þegar lífsbaráttan var harðari, ungbarnadauði almennur og erfiðara að hafa til hnífs og skeiðar var afar mikilvægt fyrir fólk að eignast mörg börn. Börn voru mikilvægt vinnuafli á heimilinu og trygging fólks fyrir umönnun í ellinni. Um leið og lífsskilyrði batna minnkar sú þörf og börnunum fækkar. Með hliðsjón af okkar eigin sögu er því hægt að öðlast skilning á stöðunni í vanþróaðri löndum. Bæði hungur og offjölgun er algeng þar sem öryggi almennings og möguleikum er ábótavant, tíðni ungbarnadauða er hár og skortur er á viðunandi landrými. Þetta fólk þarf að glíma við skort á atvinnu, menntun, heilbrigðisþjónustu og umönnun aldraðra, auk þess sem fá tækifæri eru fyrir konur til vinnu utan heimilisins. En samfara því að atvinnutækifærum kvenna fjölgar batna lífsskilyrði þeirra og barnseignum fækkar.³¹

²⁸ Friðarverðlaunin afhent í dag (2006, 10. desember).

²⁹ Friðarverðlaunin afhent í dag (2006, 10. desember).

³⁰ Global Issues. (2001b, 14. júlí).

³¹ Miller, Grant. (2005, október).



Mynd 3 sýnir fæðingartíðni fyrir hverja 1000 íbúa á ári, skipt upp eftir löndum.³²

Á mynd 1, bls. 4, sáum við skiptingu auðs í heiminum en mynd 3 sýnir fæðingartíðni á hverja 1000 íbúa. Glögglega má sjá að fæðingartíðni helst að mestu leiti í hendur við auð en mesta fátæktin er í Mið-Afríku og þar er einmitt fæðingartíðni hæsta á meðan Vesturlönd hafa mjög lága fæðingartíðni en hátt hlutfall auðsins.

Í Bandaríkjunum dró hratt úr fólksfjölgun á sama tíma og félagsleg aðstaða breyttist til batnaðar. „Ekki er mögulegt að skrifa það á tilkomu getnaðarvarna því í sumum fylkjum Bandaríkjanna voru getnaðarvarnir ólöglegar allt fram til ársins 1965.“³³ Með tilliti til þessa er eðlilegt að gera ráð fyrir að aukið öryggi og bætt félagsleg velferð borgara í vanþróuðum löndum hafi jákvæð áhrif á fólksfjölgunarvandamálið. Því er ótti sá sem alið er á í upphafi þessa kafla, á röngum forsendum reistur. Að veita fé til rannsókna og þróunar í atvinnu-, mennta- og félagsmálum er sú þróunarhjálp sem að okkar mati mundi nýtast best fyrir heiminn í heild sinni. Hjálpin mundi ekki aðallega felast í því að fæða sem flesta heldur beindist hún að því að byggja upp innviði samfélaga þannig að þau geti á eigin forsendum brauðfætt þjóð sína og eflt félagslegt öryggi hennar. Þannig er best brugðist við offjölgun og þróunarlöndum gert kleift að ná árangri á jafningjagrundvelli. Hvort þetta er eina leiðin til hjálpar í þróunarlöndum er ómögulegt að segja fyrir um. Það er mikilvægt að ríkisstjórnir heimsins kalli eftir rannsóknum á þessu sviði og ætli sér að nýta þær til skipulagningar þróunarstarfs. Með því að veita fé til rannsókna og þróa nýjar hugmyndir sem henta staðháttum hverju sinni er komið í veg fyrir stöðnun í þróunarhjálp

³² Wikipedia (e.d.).

³³ Global Issues. (2001c, 14. júlí).



og að við yfirferum sjálfkrafa vestrænar aðferðir sem henta kannski ekki menningu eða staðháttum yfir á önnur svæði heimsins.

2.3 Friðarstefna

Við höfum nú sýnt að fullt tilefni er til þess að breyta áherslum í öryggis- og varnarmálum í heiminum. Framtíðarsýnin er sú að hækka megi líf skjör í heiminum öllum og auka jöfnuð án þess draga úr lífsgæðum nokkurs staðar. Stækka á velferðarköku heimsins með því að taka fjármagn sem nú fer í rannsóknir og starfsemi tengda hernaði og beina því yfir í velferðarmál á heimsvísu. Hér er ekki eingöngu lagt til að draga skuli úr útgjöldum til hermála í anda afvopnunarsamninga heldur er gengið skrefinu lengra og farið fram á að peningunum sem sparast sé ráðstafað til ákveðinna málefna sem auka velferð heimsins og draga úr röskun í atvinnumálum. Það eru því komnar tvær sterkar ástæður til að ganga þetta skref, annars vegar að draga úr ógninni sem í vígbúnaðaruppbyggingu felst og hins vegar að auka réttlætið í heiminum og fjarlægja með því óöryggið sem af fátækt og óstöðugleika stafar. Tækifærið liggur í því að leysa þessi mál samhliða.

Þetta er framtíðarsýn því svona breytingar taka einhvern tíma, sérstaklega þar sem í mörgum samfélögum eru flóknir innviðir tengdir hermálum. Ef draga á úr útgjöldum til þeirra getur það þýtt mikla röskun í atvinnumálum í viðkomandi löndum. Þessu verður því að fylgja mikil atvinnuuppbygging. Það gerist með því að ríki breyta markmiðum eftirspurnar sinnar en sækjast áfram eftir svipuðum störfum. Ríkin mundu skapa eftirspurn eftir rannsóknum, vörum og þjónustu sem nýtast til að nálgast réttlátari skiptingu auðæfa og fjölga tækifærum fólks í heiminum. Í stað þess að kaupa sprengjur til að senda á væntanlega óvini væru til dæmis keypt atvinnutæki og send til þeirra sem verst standa. Í stað þess að ríki kalli eftir rannsóknum á því hvernig hægt er að drepa fólk væri eytt í rannsóknir á því hvernig hægt er að bjarga fólki og bæta líf skjör þeirra. Þannig mundum við ekki einungis njóta hliðaráhrifa rannsókna í hernaði heldur væri rannsóknum beint sérstaklega að því að auka velferð fólks allstaðar í heiminum með áherslu á þá sem verst eru settir, hvar sem þeir eru staddir.

Til að ríki geti haldið uppi sambærilegri framleiðslu þýðir ekki að senda eingöngu út skóflur og haka, svo dæmi sé tekið. Við erum einnig að tala um hátækni, en þó fyrst og fremst eitthvað sem nýtist fólki í þeim aðstæðum sem það býr við. Orkurannsóknir munu



til að mynda nýtast mjög vel enda ekki gott að gera alla jörðina um of háða olíu. Slíkar rannsóknir eru dæmi um hátæknirannsóknir sem nýst geta öllum jarðarbúum til að bæta lífskjör sín, og þá ekki síst þeim sem ekki hafa efni á hefðbundnum orkugjöfum í dag. Það þarf að efla þróun í þróunaraðstoð því aðstæður eru mismunandi og allar líkur á að sú útfærsla á þróunaraðstoð sem virkar vel á einum stað henti ekki endilega á öðrum. Það er einnig mjög vafasamt að ætla að þær úrlausnir sem við höfum fram að færa í dag séu endanlegar og geti hentað öllum.

Með tímanum munu þeir fjármunir sem ríki verja til þessa málefnis eitthvað minnka, eða flytjast meira yfir í rannsóknir af ýmsum toga, eftir því sem árangur næst og grundvöllur verður fyrir eðlilegan frjálsan markað. Framleiðslufyrirtækin færu þá að selja án milligöngu ríkisins inn á þá nýju markaði sem myndast, enda kaupgetan og samkeppnin á þeim svæðum orðin að veruleika. Frelsi viðskiptanna mundi um leið aukast og sérstök skilyrði, sem hugsanlega þurfa að vera meðan vara er gjöf í þróunaraðstoð, mundu falla niður. Komið yrði á viðskiptum á jafnréttisgrundvelli og heimsmarkaðurinn stækkaður á tiltölulega skömmum tíma, ef ríki leggja sig eftir því. Mikil orka, bæði hugmyndir og vinnuafli, mun leysast úr læðingi þegar sá helmingur íbúa jarðarinnar sem skiptir nú með sér 1% auðs hennar fær tækifæri til þess að skapa og láta gott af sér leiða í stað þess að bjarga sér og sínum svo að segja frá hungri hvern einasta dag.

Í alþjóðastjórnsmálum eru uppi ýmis viðhorf um hvernig samskiptum þjóða skuli háttað. Til eru þeir sem líta á svið alþjóðastjórnsmála fyrst og fremst sem nokkurs konar stjórnleysi þar sem viljinn til að ná sínu fram er í forgrunni og þörf ríkis fyrir að hámarka eigin hagsmuni er hampað.³⁴ Dæmi um þetta er hið svokallaða stríð gegn hryðjuverkum, þar sem Bandaríkin eru fremst í flokki í krafti sinna hernaðarlegu yfirburða að skipta um stjórnvöld í fjarlægum löndum með það að yfirlýstu markmiði að auka öryggi heima fyrir. Á þessum hugsunarhætti þarf að vinna bug ef takast á að tryggja öryggi í anda alheimshyggju. Þessi hugsunarháttur skýtur reyndar mjög skökku við þar sem þær þjóðir sem mestu ráða um gang alþjóðastjórnsmála, þ.e.a.s. þau ríki sem fast sæti eiga í öryggisráði SP, G8 ríkin og OECD ríkin, eru allt lýðræðisríki og með hvað bestu velferðarkerfin í heiminum. Í raun má líta á þessa leið sem við lýsum sem vísi að ákveðnu velferðarkerfi fyrir heiminn.

³⁴ Orend, Brian. (2005).



2.3.1 Tækifæri Íslands

Ísland stendur nú á tímamótum. Ráðamenn þjóðarinnar eru þessa dagana að velta því fyrir sér hvernig best verði staðið að því að tryggja öryggi landsins nú þegar bandaríski herinn er farinn. Þrátt fyrir það eru litlar yfirvofandi ógnir og friðsamlegt er í okkar heimshluta. Íslendingar eru efnuð þjóð á alþjóðlegum mælikvarða og margar forsendur eru til staðar í að vera öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hér á landi er menntunarstig hátt, heilsugæsla til fyrirmyndar, lítil fátækt, spilling með minnsta móti, barnadauði er lítill, blómstrandi efnahagur, lítið atvinnuleysi, lýðræðislegir stjórnarhættir auk fleiri þátta sem nefna mætti. Hér höfum við sérþekkingu og reynslu sem dýrmæt er og nota mætti til hjálpar- og þróunarstarfa sem mikil þörf er á til uppbyggingar í vanþróaðri löndum.

Hingað til hafa Íslendingar ekki þurft að eyða miklum fjármunum til að verja landið. Á þessu stigi er ekki ljóst hvort það mun breytast en vegna hagsmuna sem nágrannaþjóðir okkar telja sig hafa af því að landhelgi okkar og lofthelgi séu vaktaðar gæti sá kostnaður allt eins orðið óverulegur. Á móti kemur að vangaveltur hafa verið settar fram um það hvort Ísland þurfi þegar fram líða stundir að greiða þau tvö prósent af VLF sem NATO gerir kröfu á aðildarlönd sín að leggja til varnarmála.³⁵

Undanfarin ár hafa tekjur íslenska ríkisins aukist mikið en alltaf er næg eftirspurn eftir fé úr ríkissjóði. Þrátt fyrir þá óþrjótandi eftirspurn hefur tekist að setja fjárlög sem ganga nógu vel upp til þess að við lifum við eitt af bestu velferðarkerfum í heimi. Samkvæmt fjárlögum íslenska ríkisins 2007 sem samþykkt voru þann 6. desember sl. er afgangur sem nemur tæpu 1% af VLF síðasta árs.³⁶ Nágrannaþjóðir okkar, t.d. Noregur, Danmörk og Svíþjóð, leggja 1-2% af VLF sinni til varnarmála.³⁷ Ef við lítum svo á að svipað hlutfall fjármuna væri tekið úr í íslenskum fjárlögum til þróunar- og velferðarmála fyrir heiminn, má gera ráð fyrir að eftir sem áður tækist að púsla saman ásættanlegum fjárlögum. Það er í raun ekki nokkur spurning, ef við lítum til velferðar á Íslandi í samanburði við heiminn, að möguleg útkoma fjárlaga með þessum skilyrðum yrði ekkert annað en ásættanleg.

³⁵ Gætu numið 20 milljörðum. (2006, 09. nóvember).

³⁶ Fjárlög samþykkt með um níu milljarða króna afgangi. (2006, 07. desember). Hlutfallið er reiknað út frá bráðabýrðatölum Hagstofu Íslands um VLF fyrir árið 2005.

³⁷ SIPRI Yearbook 2006.(2006).



Ef við gerum ráð fyrir að NATO fari fram á að við greiðum þau 2% sem þeir gera kröfu um, til varnarmála, þá ættum við að fara fram á að fjárframlög til þeirrar friðarstefnu sem hér hefur verið lýst verði tekin gild. Það er eðlilegt að gera það, sérstaklega ef litið er til fyrstu og annarrar greinar NATO sáttmálans en þar segir:

1.GR.

Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkja deilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.

2.GR.

Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjavíðskipta, með því að styrkja frjálsar þjóðfélagsstofnanir sínar, með því að koma á auknum skilningi á meginreglum þeim, sem þær stofnanir eru reistar á, og með því að auka möguleika jafnvægis og velmegunar. Þeir munu gera sér far um að komast hjá árekstrum í efnahagslegum milliríkjavíðskiptum sínum og hvetja til efnahagssamvinnu sín á milli, hvort heldur er við einstaka sammingsaðila eða alla.³⁸

Af þessu má sjá að NATO ætti að hafa skilning á því að þessi friðarstefna samræmist markmiðum bandalagsins.

Ef ekki verður farið fram á að Ísland standi við þessi útgjaldaviðmið þá ættum við samt ekki að sitja hjá heldur setja okkur þessi markmið sjálf, og standa við þau. Með því settum við fordæmi fyrir aðrar þjóðir um að færa áherslur sínar úr hervörnum til þróunarstarfa. Þetta veitir okkur tækifæri til að tala fyrir þessum leiðum á trúverðugan hátt á alþjóðavettvangi. Með auknu samstarfi þjóða í öryggismálum skapast aukinn grundvöllur lítilla þjóða til að láta til sín taka á opinberum vettvangi. Stærð þjóða skiptir ekki öllu máli því virðing, heiðarleiki og samkvæmni getur ekki síður vegið þungt á metunum þegar ná á eyrum alþjóðasamfélagsins.

Uppbyggingin sem hefur orðið hér á landi á tuttugustu öldinni ætti að vera hvati fyrir okkur til að trúa á að svipuð uppbygging gæti orðið í vanþróuðum ríkjum nútímans. Hér er ekki um að ræða óábyrga eða óraunhæfa draumóra heldur réttláta og hagkvæma útfærslu í þá átt að snúa frá úrræðaleysi fortíðar til úrlausna framtíðarinnar. Ef Ísland á að vera trúverðugt afl í þágu friðar þá skiptir miklu máli að utanríkisstefna landsins sé til fyrirmyndar og geti sett fordæmi fyrir aðrar þjóðir. Til þess þurfum við að sýna heiminum að Íslendingar séu friðelskandi þjóð sem er reiðubúin til að leggja mannauð og

³⁸ NATO. OTAN. (1949, 4. apríl).



fé til framsækinnna verkefna sem gera heiminn öruggari. Þeir fjármunir sem Íslendingar geta lagt fram með þessu móti skipta ekki meginmáli á heimsvísu, það sem skiptir máli er að setja fordæmi og geta á trúverðugan hátt hvatt aðrar þjóðir inn á sömu braut.

3 Stefna íslenskra stjórnvalda

3.1 Varnarmál

Eftir síðari heimstyrjöldina hefur stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum verið mörkuð af aðild Íslands að NATO og varnarsamningnum við Bandaríkin.

Árið 1941 gerðu Ísland og Bandaríkin með sér hververndarsamning. Samningurinn innihélt m.a. viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi landsins.³⁹ Þann 5. maí árið 1951 var síðan undirritaður varnarsamningur á milli Íslands og Bandaríkjanna. Íslendingar gerðust stofnaðilar að NATO árið 1949. Megintilgangur bandalagsins er sameiginlegar varnir aðildarríkjanna. Báðir þessir samningar hafa tekið nokkrum breytingum undanfarin 15 ár vegna minnkandi hernaðarlegs mikilvægis Norður-Atlantshafsins við lok kalda stríðsins. NATO vinnur nú á breiðari grundvelli en áður og starfsemi utan aðildarríkja eru algengari og verkefnin eru fjölþættari. Meiri áhersla hefur verið lögð á aukið öryggi í allri Evrópu og grunnur lagður að stöðugleika.⁴⁰

Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin þann 11. september 2001 breyttu stjórnvöld í Bandaríkjunum um áherslur í utanríkismálum. Dregið var úr umsvifum hersins á friðvænni stöðum í heiminum og Ísland var þar á meðal.

Í ljósi þess að bandarísk stjórnvöld tilkynntu um brotthvarf alls herafla síns var undirritaður nýr samningur 11. október síðastliðinn. Hann var byggður á fyrri varnarsamningi ríkjanna frá árinu 1951. Samningurinn felur aðeins í sér varnir á hættutímum.⁴¹

Stefna núverandi stjórnvalda er augljóslega að verja Ísland fyrir hernaðarlegum ógnum sem steðja að landinu. Ráðamenn þjóðarinnar hafa reyndar ekki skilgreint hvað það er sem ógnar öryggi Íslands. Þrátt fyrir það hefur Geir Haarde forsætisráðherra sagt að sýnilegar lágmarksvarnir hér á landi séu nauðsynlegur fælingarmáttur gagnvart utanaðkomandi ógnum. Í viðtali við morgunblaðið segir hann: „Það verður að vera

³⁹ Utanríkisráðuneytið. (2001a).

⁴⁰ NATO Office of Information and press.(e.d.).

⁴¹ Varnarsamningur við Bandaríkin.(2006, 12. október).



sýnileg lágmarksvörn sem gefur til kynna að hér sé ekki varnarlaust land. Við tökum ekki áhættuna á því, það verður að vera hérna lágmarksbúnaður eins og við töldum að væri fólgin í þessum fjórum þotum“.⁴²

Á leiðtogafundi NATO sem haldinn var í Riga í nóvember á þessu ári kom fram áhugi af hálfu stjórnvalda Kanada, Danmerkur, Bretlands og Noregs um samstarf við Íslendinga í varnarmálum. Ráðgert er að hefja samningaviðræður við Norðmenn og Dani um miðjan desember. Með samstarfi við þessar þjóðir eru stjórnvöld að leita eftir reglulegu eftirlitsflugi til að bæta sýnilegar varnir á friðartímum auk þess sem það er gagnkvæmur ávinningur af samstarfi um eftirlit á Norður-Atlantshafi.

Íslensk stjórnvöld studdu ákvörðun Bandaríkjamanna um að ráðast inn í Írak árið 2003 þó sú ákvörðun hafi verið umdeild. Þó íslensk stjórnvöld leggi mikið traust á samskipti sín við Bandaríkin, þá njóta þeir ekki jafn mikils trausts almennings samkvæmt könnun Gallup International. Aðeins 8% Íslendinga telja að Bandaríkin gegni jákvæðu hlutverki til friðar í heiminum og 61% þeirra telja að Bandaríkin gegni neikvæðu hlutverki í baráttunni gegn hryðjuverkum.⁴³

3.2 Afvopnunar- og friðarmál

Fulltrúar Íslands hafa leitast við að taka virkan þátt í friðarumfjöllun á vettvangi SP. Innan SP er starfrækt afvopnunarnefnd og hefur Ísland lagt á það áherslu í umræðum innan hennar, að útrýming kjarnavopna sé mikilvæg fyrir sambandið og Ísland hefur gagnrýnt Norður-Kóreu og Íran sérstaklega fyrir kjarnorkuáætlun sína.⁴⁴

Allsherjarþing SP samþykkti í desember 2005 stofnun friðaruppbygginganefndar (e. peacebuilding commission). Meginmarkmið nefndarinnar er að tryggja varanlegan frið í stríðshrjádum ríkjum. Samhliða stofnun nefndarinnar var stofnaður friðaruppbyggingarsjóður (peacebuilding fund), íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að leggja fram eina milljón bandaríkjadala í sjóðinn. Markmið hans er að hafa til reiðu fjármagn sem hægt verði að grípa til með skömmum fyrirvara til verkefna sem talin eru gegna lykilhlutverki í uppbyggingu friðar að loknum átökum.⁴⁵

⁴² Varnarsamningur án varna ekki mikils virði. (2006, 16. mars).

⁴³ Gallup International. (2006).

⁴⁴ Valgerður Sverrisdóttir. (2006). Bls.21.

⁴⁵ Framlag til friðaruppbyggingar. (2006, 13. október).



Ríkisstjórnin samþykkti árið 1998 að sækjast eftir sæti í Öryggisráði SP fyrir tímabilið 2009 – 2010.⁴⁶ Í stofnskrá SP er Öryggisráðinu falin aðalábyrgð á varðveislu friðar og Öryggis í heiminum. Ísland ætlar að leggja áherslu á virðingu fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og lýðræði, virðingu og umburðalyndi í samskiptum ríkja og mikilvægi þess að mæta ógnum við Öryggi í sem víðustu samhengi.⁴⁷ Seta í ráðinu fylgir mikil ábyrgð og er einstakt tækifæri fyrir litla þjóð eins og Ísland til að ljá rödd sinni hljómgrunn.

Íslenska friðargæslan var stofnuð árið 2001. Borgaralegt starfsfólk leikur lykilhlutverk í friðargæslu Íslendinga þó hluti starfsmanna séu vopnaðir herklæðum. Stærstu hóparnir eru lögreglumenn, læknar og hjúkrunarfólk, auk lögfræðinga, blaðamanna, verkfræðinga o.fl. Helstu störf íslensku friðargæslunnar eru í Borsníu, Kosovo héraði, á Sri Lanka og í Afganistan.⁴⁸ Þrátt fyrir mörg góð störf friðargæslunnar þá efumst við um að vopnvæddir Íslendingar sem verji friðinn á átakasvæðum á erlendri grundu sé rétta leiðin. Við fögnum þeim orðum sem koma fram á heimasíðu Valgerðar Sverrisdóttir í pistli nýlega: „Áherslubreytingar mínar miða að því að breikka verkefnasvið friðargæslunnar og mýkja áferðina, ef svo má að orði komast. Í þessu skyni tel ég afar brýnt að við einbeitum okkur að þeim sérsviðum og þeim verkefnum sem hæfa reynslu okkar og hæfni sem herlaus þjóð.“⁴⁹

Ísland er aðili að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu⁵⁰ (ÖSE) sem beitir sér fyrir verndun mannréttinda og lýðræðislegra stjórnarháttanna í þátttökuríkjum, samstarfi á sviði stjórn mála og hernaðarmála og samvinnu um efnahags- og umhverfismál. Auk þess hafa Íslendingar ákveðið að bjóða sig fram í stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar fyrir árin 2011 – 2012. Stjórnin er mikilvægur vettvangur fyrir baráttuna gegn kjarnavopnum og útbreiðslu þeirra.⁵¹

⁴⁶ Valgerður Sverrisdóttir. (2006). Bls.36.

⁴⁷ Valgerður Sverrisdóttir. (2006). Bls.37.

⁴⁸ NATO Office of Information and press.(e.d.).

⁴⁹ Valgerður Sverrisdóttir. (2006, 26. október).

⁵⁰ Participating States. (e.d.).

⁵¹ Valgerður Sverrisdóttir. (2006). Bls.24.



3.3 Þróunaraðstoð og alþjóðasamskipti

Við stofnun Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) árið 1981 voru mörkuð skil í áherslum þróunaraðstoðar í utanríkisstefnu landsins⁵². Ísland er stuðningsaðili að Þúsaldaryfirlýsingu SP sem byggir á því að allar þjóðir heims vinni saman í baráttunni gegn fátækt. Þúsaldarmarkmið hafa verið sett fram og þau eru:

- Að eyða fátækt og hungri
- Að öll börn njóti grunnskólamenntunar
- Að vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
- Að lækka dánartíðni barna
- Að vinna að bættu heilsufari kvenna
- Að berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyni
- Að vinna að sjálfbærri þróun
- Að styrkja hnattræna samvinnu um þróun⁵³

Til að vinna að þessum markmiðum er gert ráð fyrir að allar þjóðir verði byrjaðar að leggja 0,7% af VÐF til þróunarmála árlega fyrir árið 2015. Árið 2005 lögðu Íslendingar 0,19% af VÐF til þeirra mála en ef við lítum til nágrannaþjóða okkar má sjá að Noregur, Svíþjóð, Lúxemborg, Holland og Danmörk, hafa verið að leggja fram 0,8% af VÐF eða meira og eru því nú þegar búin að uppfylla þau markmið sem Þúsaldaryfirlýsingin stefnir að. Þessi lönd eru öll aðilar að þróunarnefnd OECD sem hefur það hlutverk að fylgjast með hvernig þeim framlögum sem veitt eru til þróunarmála er varið. Ísland er ekki aðili að þessari nefnd en framlög til þróunarmála eru þó talin fram með tilliti til þeirra viðmiða sem þar gilda⁵⁴. Hlutfallslega er mestum hluta framlaga ÞSSÍ eytt til sjávarútvegsmála eða 31%, félagsmál 21%, 13% fara til menntamála og 12% til heilbrigðismála. Önnur smærri verkefni deila svo þeim framlögum sem eftir standa eins og jarðhitaverkefni og aðstoð landsins við frjáls félagasamtök⁵⁵. Í samanburði við aðrar þjóðir, og í ljósi þeirrar staðreyndar að Ísland er ein af ríkustu þjóðum heims getur framlag stjórnvalda til þróunarmála ekki talist hátt.

4 Er Ísland á réttri leið í öryggismálum þjóðarinnar?

Það sem við teljum réttu leiðina í öryggismálum þjóðarinnar er sú friðarstefna sem lýst er í kafla 2.3. Sú stefna sem núverandi stjórnvöld hafa í utanríkismálum má segja að sé

⁵² Valgerður Sverrisdóttir.(2006). Bls. 71.

⁵³ Valgerður Sverrisdóttir.(2006). Bls. 72.

⁵⁴ Valgerður Sverrisdóttir.(2006). Bls. 79.

⁵⁵ Valgerður Sverrisdóttir.(2006). Bls. 81.



nokkuð tvíþent. Ráðamenn virðast hafa viljann til góðra verka og hafa beitt sér að nokkru leyti fyrir friðar- og mannúðarmálum á alþjóðavettvangi. Miðað við smæð Íslands á alþjóðlegum mælikvarða þá höfum við verið áberandi í ráðum og nefndum sem eru á vegum alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að eða á í samstarfi við. Að okkar mati eru þetta þó hænskref, betur má ef duga skal. Með þeim góðu störfum sem Ísland er þó að beita sér fyrir eru möguleikarnir miklir. Seta í Öryggisráði SP væri sérstakt tækifæri til að tala máli friðarstefnunnar.

Þó ekki séu miklar líkur á því að ráðist verði á Ísland í náninni framtíð þá gæti þótt ábyrgðarlaust af ráðamönnum að hafa engar varnir til staðar ef eitthvað óvænt kæmi upp á. Rétt eins og í innanríkismálum er ekki óeðlilegt að hafa ákveðna löggæslu í lofthelginni og hafsvæðinu kringum Ísland. Ef fyrirhugaðir samningar við Norðmenn, Dani eða aðra þjóð um sýnilegar varnir takast þá erum við með varnarsamninga við aðila sem í alþjólegu samhengi hafa nokkuð yfirveguð útgjöld til hermála auk þess sem þau hafa þegar farið fram yfir þúsaldarmarkmið S.P. hvað varðar útgjöld til þróunarmála. Það er ekki hugsunin með friðarstefnunni að hægt sé að afvopna heiminn á einni nóttu og því ekki óeðlilegt að við höfum ákveðna vernd til að byrja með en markmiðið er að sjálfstöðu að hernaðarlegar varnir verði í algeru lágmarki hér sem annars staðar þegar litið er einhverja áratugi fram í tímann.

Samningurinn við Bandaríkjamenn horfir allt öðruvísi við. Bandaríkin eru það ríki sem mestum fjármunum veitir í herútgjöld og eru þeir ábyrgir fyrir tæplega helmingi allra þeirra fjármuna sem fara í hernað á ári hverju. Slíkt óhóf eigum við að fordæma og vinsamlegast afþakka beinan varnarsamning við þá. Við megum ekki senda þau skilaboð að slíkar varnir séu okkur nauðsyn á sama tíma og við viljum hvetja aðrar þjóðir til að minnka herútgjöld. Við eigum hins vegar ekki að sniðganga þá heldur halda uppi vinsamlegum samskiptum á vettvangi NATO og vinna þar að friðarstefnunni.

Ámælisvert er að Ísland skuli ekki standa sig betur í framlögum til þróunarmála. Við erum þó í öllum megin atriðum sátt við þau verkefni sem Íslendingar hafa tekið að sér, þá sérstaklega á vegum ÞSSÍ, en teljum uppbyggingu vopnaðrar friðargæslusveitar ekki vera skref í rétta átt. Nú hefur verið snúið frá þeirri uppbyggingu og teljum við það samræmast friðarstefnunni vel. Friðarstefnan leggur hins vegar til að Íslendingar standi ekki einungis við þúsaldarmarkmið SP heldur leggi þar að auki svipað hlutfall VLF til þróunarmála



eins og Norðurlöndin leggja til hermála. Við erum meðvituð um að þetta eru miklir peningar en þörfin er einnig mikil. Þessir peningar duga þó skammt til að jafna misskiptingu auðs í heiminum. Það sem skiptir máli þar er að við sýnum fordæmi og hvetjum aðrar þjóðir til að feta sömu braut. Ef það gerist verða peningarnir til þróunarmála miklir og það er forsendan fyrir því að bæta öryggið í heiminum.

Niðurstaðan er sú að með lágum fjárframlögum til þróunarmála og beinu samstarfi um varnir við Bandaríkin sé Ísland ekki á réttri leið í varnarmálum þjóðarinnar. Samstarf við hin Norðurlöndin og eðli verkefna ÞSSÍ eru hins vegar skref í rétta átt.

5 Niðurstöður

Viðfangsefni þessa misserisverkefnis var að kanna stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum þjóðarinnar á þeim tímamótum að bandaríski herinn fór af landi brott nú nýverið. Við komumst að því að öryggi þjóðarinnar væri ekki í miklu uppnámi þrátt fyrir þessi tíðindi og litum því á öryggisvandann í stærra samhengi. Við settum fram þær hugmyndir að flytja megi fjárframlög frá varnarmálum yfir í þróunarmál og með því auka öryggi í heiminum öllum og draga úr ósætti. Þessi leið á að hafa þá kosti að raska hagsmunum í atvinnumálum landa sem minnst og gera afvopnun þannig auðveldari í framkvæmd. Stefnan gengur út á að auka velferð og öryggi allsstaðar í heiminum með því að stækka velferðarkökuna en ekki með því að draga úr lífsgæðum á einum stað til þess að bæta á öðrum.

Við skoðuðum svo stefnu stjórnvalda og komumst að því að þar eru skref í rétta átt en einnig mjög gagnrýniverðir hlutir á ferð með tilliti til hugmynda okkar. Til að þær megi ná fram að ganga þarf mikið áræði og töluverða áherslubreytingu í ríkisútgjöldum.



6 Lokaorð

Hugmyndavinnan við gerð þessa verkefnis var bæði krefjandi og skemmtileg og fór fram á mikla heimildavinnu. Það sem kallaði hvað mest á okkur til þess að fjalla um þetta efni upphaflega var aðallega tvennt. Í fyrsta lagi sú staðreynd hversu stór hergagnaiðnaðurinn í heiminum er orðinn og hve stríð virðast óumflýjanleg og afleiðingar þeirra sárar. Í öðru lagi sú staða sem upp er komin í varnarmálum Þjóðarinnar og krefst þess að við endurskoðum stefnu okkar í þeim efnum. Þá stöðu sáum við sem tækifæri til að reyna óhefðbundnar leiðir því mikið er til vinnandi að bæta ástandið í heiminum. Við vonuðumst til þess að geta sýnt fram á að hægt sé að vinna að friði friðsamlega og að Íslensk stjórnvöld geti leikið þar lykilhlutverk, kjósi þau svo. Eftir vinnslu verkefnisins erum við enn sannfærðari um að sú er einmitt raunin.



Heimildaskrá

Skriflegar heimildir

- Brumm, Harold J. (1997). *Military Spending, Government Disarray, and Economic Growth: A Cross Country Empirical Analysis*. Louisiana: Journal of Macroeconomics.
- Dóms og kirkjumálaráðuneytið. (2006). *Matskýrsla um hryðjuverkarvarnir*. Brussel:Brache, Niels. Van der berg, Gerd.
- Gallup International.(2006).*Voice of the people 2006*, bls. 1.
- Haubrich, D. (2004). Global Distributive Justice and the Taxation of Natural Resources – Who Should Pick Up the Tab?. [Rafræn útgáfa]. *Contemporary Political Theory*, 3,
- Klein, Lawrence R. (2004). *World Peace and Economic Prosperity*. Seoul: New Vision and Strategy under Changing Leadership.
- Kick, E. L., Davis, B. L., Kiefer, D. M., og Burns, T. J.(1998). A Cross National analysis of militarization and well being relationships in developing countries.*Academic press*.
- Kymlicka,Will. (2002). *Contemporaaary Political Phylosophy*. Second edition. Bretland:Biddles Ltd Kings Lynn.
- Palme, Olof o.fl. (1982). *Common Security: a programme for disarmant*. London: Pan Books Ltd.
- Rawls, J. (1999).*The Law of Peoples*. Bandaríkin: Harvard háskólaútgáfa.
- United Nations. (2004). *A more secure world: Our shered responsibility*. New York:United Nations.
- Utanríkisráðuneytið. (2005). *Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009*. Reykjavík: Gutenberg.
- Utanríkisráðuneytið. (2001a). *Varnarsamstarf í fimmtíu ár*. Reykjavík: Svansprent.
- Valgerður Sverrisdóttir. (2006). *Skýrsla Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.



Rafrænar heimildir

- Eisenhower, Dwight .D. (1961). *Yale Law School: Military-Industrial Complex speech*.
Skoðað 30. nóvember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.yale.edu/lawweb/avalon/presiden/speeches/eisenhower001.htm>
- First. (2006, 08. desember). Research and development expenditure. SIPRI.com. Skoðað
11. desember. 2006 á veraldarvefnum: <http://first.sipri.org/index.php>
- Framlag til friðaruppbyggingar. (2006, 13. október). *Mbl.is*. Skoðað 28. nóvember 2006 á
veraldarvefnum: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1108127
- Friðarverðlaunin afhent í dag (2006, 10. desember). *Ruv.is*. Skoðað 11. desember 2006 á
veraldarvefnum: <http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item110151/>
- Global Issues . (2001a, 14. júlí). Kosovo Crisis: Effects of Bombing on the Environment.
Skoðað 06. desember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.globalissues.org/Geopolitics/Kosovo/Environment.asp>
- Global Issues. (2001b, 14. júlí). *Myth: Too Many Mouths to Feed*. Skoðað 03. desember
2006 á veraldarvefnum:
<http://www.globalissues.org/EnvIssues/Population/Hunger/Feeding.asp>
- Global Issues. (2001c, 14. júlí). *Poverty and population growth: lessons from our own
past*. Skoðað 03. desember 2006 á
veraldarvefnum: [http://www.globalissues.org/EnvIssues/Population/Hunger/FoodFirst
/Past.asp](http://www.globalissues.org/EnvIssues/Population/Hunger/FoodFirst/Past.asp)
- Gætu numið 20 milljörðum. (2006, 09. nóvember). *Visir.is*. Skoðað 02. desember 2006 á
veraldarvefnum:
[http://www.visir.is/article/20061109/FRETTIR02/111090086&SearchID=732628801
69619](http://www.visir.is/article/20061109/FRETTIR02/111090086&SearchID=73262880169619)
- Jolly, Richard.(e.d.). *Disarmament and development - an overview*. Skoðað 01. desember
2006 á veraldarvefnum: <http://disarmament2.un.org/ddapublications/OP9art03.pdf>
- Kleingeld, Pauline. Brown, Eric. (2006). *Cosmopolitanism*. The Stanford Encyclopedia of
Philosophy. Edward N. Zalta (ritst.), Skoðað 01. desember 2006 á veraldarvefnum:
<http://plato.stanford.edu/archives/win2006/entries/cosmopolitanism>
- Miller, Grant. (2005, október). Contraception as development? New evidence from
family planning in colombia. *Cambridge: National bureau of economic research*.
Skoðað 03. desember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.nber.org/papers/w11704.pdf>
- NATO Office of Information and press.(e.d.). *Nato á 21 öldinni*. Skoðað 02. desember
2006 á veraldarvefnum:
http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Varnarmal/NATO_baklingur_21_aldin.pdf



- NATO. OTAN. (1949, 4. apríl). *Atlantshafssáttmálin (Norður Atlantshafssamningur)*
Skoðað 08. desember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.nato.int/docu/other/ic/treaty-ic.htm>
- Orend, Brian. (2005). *War*. The Stanford Encyclopedia of Philosophy. Edward N. Zalta
(ritstj.). Skoðað 28.nóvember 2006 á
veraldarvefnum: <http://plato.stanford.edu/archives/win2005/entries/war/>
- Participating States.(e.d.). *OSCE.org*. Skoðað 27.nóvember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.osce.org/about/13131.html>
- Utanríkisráðuneytið.(e.d.e).*Íslenska friðargæslan – Verkefnin*. Skoðað 29.nóvember 2006
á veraldarvefnum: <http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/fridargaesla//nr/442>
- Valgerður Sverrisdóttir. (2006, 26. október). *Nýjar áherslur í íslensku friðargæslunni*.
Skoðað 29.nóvember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.valgerdur.is/index.php?pid=20&cid=627>
- Varnarsamningur án varna ekki mikils virði. (2006, 16. mars). *Mbl.is*. Skoðað
02.desember 2006 á veraldarvefnum:
<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?limit=0;nid=1190712;gid=2412>
- Varnarsamningur við Bandaríkin undirritaður.(2006, 12 október)*Viðskiptablaðið*. Skoðað
03.desember 2006 á veraldarvefnum: http://www.vb.is/news_print.php?id=25240
- Wikipedia (e.d.). Mynd 1. *Country by birth rate*. Skoðað 27.nóvember 2006 á
veraldarvefnum: http://en.wikipedia.org/wiki/Birth_rate

„All we are saying is give peace a chance“

John Lennon & Paul McCartney